
SKÓLAÞRÓUNARSVIÐ KENNARAEILDAR HA

Þingvallastræti 23, 600 Akureyri

Sími 460 8041, Fax 460-8997

**ÚTTEKT Á
SKÓLANÁMSKRÁ
LEIKSKÓLA
GREINARGERÐ**

Sigríður Síta Pétursdóttir



Desember 2005

Efnisyfirlit

Greinargerð vegna úttekta skólaþróunarsviðs kennaradeildar HA, á námskrám leikskóla Akureyrarbæjar.

Listi yfir fylgiskjöl með greinargerð

- | | |
|------------------|--|
| Fylgiskjal nr. 1 | Gátlisti fyrir greiningu og mat á skólanámskrá leikskóla |
| Fylgiskjal nr. 2 | Leiðbeinandi hefti við skólanámskrágerð í leikskóla |
| Fylgiskjal nr. 3 | Bréf til leikskólastjóra |
| Fylgiskjal nr. 4 | Bréf frá Jakobínu Áskelsdóttur og Valgerði Hannesdóttur |
| Fylgiskjal nr. 5 | Úttekt á námskrá leikskóla |

Greinargerð vegna úttektar skólaþróunarsviðs kennaradeildar HA, á námskrám leikskóla Akureyrarbæjar.

Í október 2005 fór skólanefnd Akureyrarbæjar þess á leit við Skólaþróunarsvið kennaradeildar Háskólans á Akureyri að annast úttekt á námskrám leikskóla bæjarins. Fyrir greiningu og mat á námskránum var útbúinn gátlisti (sjá fylgiskjal nr. 1). Byggt var á gátlista sem Trausti Þorsteinsson og Gunnar Gíslason útbjuggu þegar gerð var samskonar úttekt á námskrám grunnskóla bæjarins. Aðalnámskrá leikskóla frá 1999 var lögð til grundvallar leikskólaútgáfu gátlistans og hann að öllu leiti lagaður að hugmyndafræði leikskólans. Listanum sem skiptist í 10 þætti er ætlað að vera leiðbeinandi við mat á skólanámskrá leikskólanna, en ekki gefa forskrift að því hvernig skólanámskrá á að líta út, frekar að stuðla að gagnrýnni og uppbyggjandi umræðu um skólanámskrá. Þessir þættir eru:

1. Uppsetning
2. Markmið
3. Foreldrasamstarf
4. Öryggismál

Matið sem í listunum felst er tvíþætt. Í fyrsta lagi er leitað svara við því hvort skólanámskráin veitir upplýsingum um einstök atriði eða áherslur innan hinna tíu áðurnefndu sviða. Í öðru lagi er gefin heildarumsögn um þær upplýsingar sem námskráin gefur um hvern af hinum tíu þáttum. Að lokum gefst matsaðila tækifæri á að setja fram athugasemdir, bæði rök fyrir niðurstöðu sinni, ábendingar og tillögur.

Aðalnámskrá leikskóla er lögum samkvæmt hugmyndafræðilegur grundvöllur og stefnumótandi leiðarvísir að uppeldisstafi hvers leikskóla. Á grunni aðalnámskrár ber hverjum leikskóla að semja námskrá þar sem gerð er grein fyrir uppeldis- og námsáætlun til skemmri og lengri tíma. Skólanámskrá á að veita í stórum dráttum heildaryfirlit yfir það sem fram fer í leikskólanum og varða leið leikskólakennarans í starfinu með börnum og foreldrum, þar sem fléttast saman námssvið og daglegt líf. Leggja ber áherslu á að byggja á áhuga og reynslu barnanna, daglegu lífi þeirra og nánast umhverfi. Skólanámskrár geta verið með margskonar hætti, en skulu samkvæmt aðalnámskrá vera í rituðu formi og öllum aðgengilegar. Markmið skólanámskrár er fyrst og fremst að skipuleggja uppeldisstarfið og nám barnanna og stuðla að skilvirkara starfi.

Vinnan við úttekt á skólanámskránum hófst með því að þann 25. október 2005 var, leikskólastjórum á Akureyri sent bréf (sjá fylgiskjal nr 3), þar sem óskað var eftir að þeir sendu námskrárnar til skólaþróunarsviðs, fyrir 1. nóvember 2005. Leikskólastjórar brugðust almennt fljótt við og sendu námskrár sínar. Tveir leikskólar, Tröllaborgir og Hlíðaból sendu ekki inn námskrá, en sendu bréf þar sem gerð er grein fyrir hvers vegna (sjá fylgiskjal nr 4).

Það er ánægjulegt að sjá hvað lögð hefur verið mikil og góð vinna í langflestar námskrár leikskólanna og augljóst að á baki þeirra liggur í flestum tilfellum ígrundun á starfinu og fyrir hvað starfsmannahópurinn vill standa. Árin 2000 – 2002 vann nefnd á vegum skóladeildar Akureyrarbæjar að því að skapa grunn eða beinagrind að skólanámskrá til að auðvelda leikskólum Akureyrarbæjar vinnu við skólanámskrá. Flestir leikskólarnir virðast hafa notað þennan grunn sem fyrirmynd. Í tengslum við úttektina var grunnurinn tekin til endurskoðunar, (sjá fylgiskjal nr 2).

Það virðist sem að í langflestum tilfellum hafi starfsmannahópurinn sem heild tekið þátt í mótun námskrárinnar. Flestir leikskólarnir hafa mótað sér stefnu og byggja starfið á ákveðinni hugmyndafræði. Í einhverjum tilfellum þarf að skoða betur fræðilega tengingu umfjöllunar í skólanámskránum og kemur það fram í athugasemdum þar sem þess er þörf. Hver leikskóli hefur mótað sér sína sérstöðu, þar sem helstu áherslurættir leikskólanna eru ólíkir. Það sem er hins vegar líkt með leikskólunum eru nálgunarleiðirnar en flestir leikskólanna nálgast markmið sín í gegnum leikinn og dagleg samskipti. Þó er í einhverjum tilfellum auk þess farin fræðsluleiðin með fyrirfram tilbúnu námsefni í fullorðins stýrðum stundum. Markmið með námssviðum og þroskaþáttum koma yfirleitt mjög vel fram og eru skýr einnig markmið með einstökum þáttum daglegs lífs. Í flestum tilfellum er samræmi milli markmiða og leiða og sýnt fram á tengsl við hugmyndafræði leikskólans.

Leikskólarnir hafa almennt mótað sér stefnu varðandi agamál og hvernig taka beri á eineltismálum. Í flestum tilfellum er samræmi milli hugmyndafræði leikskólans og stefnu í agamálum. Í einhverjum tilfellum þarf að skoða skilgreiningar betur og samræma við stefnu viðkomandi leikskóla, ábendingar þar að lútandi koma fram hjá hverjum leikskóla. Einn leikskóli hefur auk þess mótað sér stefnu í jafnréttismálum. Almennt er hugað vel að því er snýr að öryggi barna og starfsfólks leikskólanna. Flestir leikskólanna hafa komið sér upp stefnu um hvernig bregðast skuli við andlegum áföllum sem börn eða starfsfólk getur orðið fyrir. Einnig eru vinnureglur varðandi slysaskráningar og fyrstu viðbrögð mjög skýrar.

Sjálfsmatsáætlunum er víða ábótavant og þá helst hvernig og hvenær á að meta einstaka þætti starfsins, einnig vantar yfirleitt að fram komi hvernig niðurstöður eru notaðar og hvar þær verða birtar. Sumstaðar er tekið fram að leikskólakennararnir noti skráningar til að skoða starfið með börnunum, í nokkrum tilfellum er tekið fram að eftir veturinn skuli vera til að minnsta kosti ein skráning af hverju barni. Hins vegar kemur ekki fram í hvaða tilgangi þessar skráningar eru gerðar og hvað gert er við þær, né hvernig þær eru notaðar sem liður í sjálfsmati leikskólakennarans og mati á starfi vetrarins.

Í starfs-/ársáætlun er fjallað um afmarkaða þætti sem leggja á áherslu á komandi leikskólaár. Áætlunin er oft byggð á mati sem kemur fram í ársskýrslu síðasta skólaárs, einnig er fjallað um starfið næsta skólaár, t.d. þemu, misserisáherslur og þróunarstarf sem áætlað er að takast á við. Þar kemur fram hvaða einstaka þætti starfsins á að meta, hvaða aðferðum verður beitt við matið og hvenær ársins það er framkvæmt. Fundir sem áætlað er að halda, starfsmanna-, deildar- og foreldrafundi. Foreldrasamstarf og endurmenntunaráætlun næsta skólaárs ásamt viðburðardagatali og hefðum og venjum leikskólans. Þetta vantar frá flestum leikskólunum, að öllu eða einhverju leyti. Starfs-/ársáætlun er framkvæmdaráætlun fyrir komandi leikskólaár. Það er misjafnt hvort hún er hluti af námskrá eða ekki, stundum er hún sérstakt skjal. starfs-/ársáætlun og skólanámskrá skarast gjarnan þannig að starfs-/ársáætlun getur verið að hluta innan skólanámskrárinnar, einnig má það vera að leikskólar vinni ekki samkvæmt fyrirfram gefinni starfsáætlun. Hvert sem formið er þyrfti það að koma fram með rökstuðningi hvers vegna. Þá virðist eitthvað á reiki hvað eigi að standa í starfs-/ársáætlunum leikskólanna vegna yfirstandandi skólaárs. Í mörgum tilfellum eru um viðburðardagatal að ræða þar sem getið er helstu viðburða og tyllidaga á leikskólaárinu. Oft vantar hvaða þætti á að meta á yfirstandandi skólaári.

Endurmenntunaráætlanir vantar í flestum tilfellum, bæði langtíma og vegna yfirstandandi skólaárs. Í flestum námskrám vantar að komi fram hvernig stoðþjónusta leikskólans er háttað, einnig hafa fæstir leikskólanna mótað sér stefnu hvað varðar samstarf og þátttöku foreldra í starfinu.

Í heildina tekið eru flestar námskrár leikskóla Akureyrarbæjar vel unnin plögg sem virðast vera í reglulegri endurskoðun. Ekki er hins vegar nóg að eiga vel gerða námskrá, jafnframt þarf að huga að framkvæmdinni. Mikilvægt er að leikskólarnir þrói upp aðferðir til innra mats til að fylgjast með hversu vel markmiðum skólanámskrár er náð. Námskrá ætti að geta verið góður grundvöllur að innra mati leikskólanna. Það er sá þáttur sem flestir leikskólanna þurfa að huga vel að.

Akureyri 22. desember 2005

Virðingarfyllt

Sigríður Síta Pétursdóttir, sérfræðingur á skólaþróunarsviði HA

Fylgiskjal 1

Gátlisti

Fyrir greiningu og mat á skólanámskrá leikskóla

Gátlistanum er ætlað að vera leiðbeinandi við mat á skólanámskrá leikskóla. Í Aðalnámskrá leikskóla frá 1999 segir að sérhverjum leikskóla beri að gera námskrá þar sem fram komi uppeldis- og námsáætlun leikskólans. Skólanámskrá á að vera rökstuddur leiðarvísir um fjölbreytilega starfshætti leikskólans, þar sem fram kemur hvernig vinna eigi að því að ná þeim markmiðum sem leikskólinn setur sér.

Listinn sem skiptist í 10 þætti er ekki ætlað að gefa forskrift að því hvernig skólanámskrá á að líta út, frekar að vera leiðandi um þá þætti er varða skólanámskrá. Skólanámskrár geta verið með margskonar hætti og formi og eiga að vera lifandi plagg sem varðar leið leikskólakennaranna í starfi sínu með börnum og foreldrum. Til grundvallar listanum er Aðalnámskrá leikskóla frá 1999.

Matið er tvíþætt, fyrst kemur kvarði þar sem merkt er með x undir það sem við á.

Mjög skýrt		Nokkuð skýrt		viðunandi		óljóst		vantar
------------	--	--------------	--	-----------	--	--------	--	--------

Því næst eru nokkrar lykilspurningar þar sem merkt er við já eða nei, að lokum er reitur fyrir athugasemdir þar sem hægt er að koma með athugasemdir við þá þætti sem merkt hefur verið við og einnig að koma hugmyndum og skoðunum á framfæri.

Gátlistinn er byggður á gátlista sem Trausti Þorsteinsson og Gunnar Gíslason útbjuggu fyrir grunnskóla Akureyrar, en aðlagður að leikskólanum og hugmyndafræði hans.

Sigríður Síta Pétursdóttir, sérfræðingur á
Skólaþróunarsviði kennaradeildar Háskólans á Akureyri



Heiti skóla: _____

Hver metur: _____ Dags.: _____

Samantekt

Styrkleikar:

Veikleikar, það sem þarf að huga að:



Útlit námskrárinnar

Hvernig er frágangur námskrárinnar?

Mjög skýr	Nokkuð skýr	Viðunandi	Óljóst	Vantar
-----------	-------------	-----------	--------	--------

Já	Nei	
☐	☐	Er efnisskipan og framsetning skýr? (Athuga; efnisyfirlit, formála, letur, fyrirsagnir, kaflaskiptingu, kort, gröf og myndir).
☐	☐	Er málfar gott?
☐	☐	Er einfalt að endurskoða einstaka hluta námskrárinnar?
☐	☐	Eru greinargóðar upplýsingar um innihald og útgáfuár á kápu eða framarlega í námskrá?
☐	☐	Koma fram upplýsingar um heimilisfang, netfang og símanúmer leikskólans?
☐	☐	Er námskráin aðgengileg á heimasíðu leikskólans að hluta eða í heild sinni?
☐	☐	Eru upplýsingar um vefslóð leikskólans?
☐	☐	Hefur skólanámskráin skýr tengsl við gildandi Aðalnámskrá leikskóla?

Athugasemdir:



Skólaþróunarsvið - Gátlisti fyrir námskrá leikskóla -

Stefna og sérstaða leikskólans

Er gerð grein fyrir:

- stefnu leikskólans?

Mjög skýrt	Nokkuð skýrt	viðunandi	óljóst	vantar

- sérstöðu leikskólans?

Mjög skýrt	Nokkuð skýrt	viðunandi	óljóst	vantar

Já	Nei	
		Er gerð grein fyrir sýn skólans?
		Er gerð grein fyrir starfsáætlun (ársáætlun) leikskólans?
		Er viðburðardagatal kynnt?
		Er gerð grein fyrir hugmyndafræði leikskólans?
		Er tengsl milli sýnar leikskólans og sérstöðu hans?
		Er stefna leikskólans í samræmi við aðalnámskrá leikskóla?
		Er gerð grein fyrir áherslum/markmiðum sveitarfélagsins?

Athugasemdir:



Skólaþróunarsvið - Gátlisti fyrir námskrá leikskóla -

Mat, skólaþróun og áætlanagerð

Er sýnt fram á samhengi mats- og þróunaráætlunar leikskólans?

Mjög skýrt	skýrt	viðunandi	óljóst	vantar

Já	Nei	
☐	☐	Er sjálfsmatsáætlun leikskólans kynnt?
☐	☐	Er endurmenntunaráætlun leikskólans kynnt?
☐	☐	Er þróunaráætlun leikskólans kynnt og rökstudd?
☐	☐	Eru matsaðferðir fjölbreyttar?
☐	☐	Er sýnt fram á tengsl þróunar- og umbótaáætlunar og sjálfsmats leikskólans?

Athugasemdir:



Skólaþróunarsvið - Gátlisti fyrir námskrá leikskóla -
Stefna og markmið um nám og starf

Eru markmið í samræmi við aðalnámskrá leikskóla?

Mjög skýrt	Nokkuð skýrt	viðunandi	óljóst	vantar

Já	Nei	
		Er dagskipulag leikskólans kynnt?
		Eru markmið skýrt fram sett/rökstudd?
		Mótast markmið leikskólans af almennum áherslupáttum Aðalnámskrár (6 námsvið)?
		Eru markmið fjölbreytt?
		Eru leiðir að markmiðum kynntar?
		Eru leiðir leikskólans í samræmi við barnhverfa hugmyndafræði aðalnámskrá leikskóla?
		Er samræmi á milli markmiða og leiða?
		Kemur fram hvernig börnunum eru kennd lýðræðisleg vinnubrögð?
		Kemur fram með hvaða hætti leikskólinn hyggst stuðla að alhliða þroska barnanna?
		Kemur fram hvernig unnið er með einstaka þroskaþætti?
		Kemur fram hvaða reglur gilda í barnahópi?
		Er gerð grein fyrir leiknum sem náms- og þroskaleið barna í starfi leikskólans?

Athugasemdir:



Skólaþróunarsvið - Gátlisti fyrir námskrá leikskóla -

Samstarf heimilis og leikskóla

Kemur fram hvað felst í samstarfi heimilis og leikskóla?

Mjög skýrt	skýrt	viðunandi	óljóst	vantar
------------	-------	-----------	--------	--------

Já	Nei	
☐	☐	Hefur leikskólinn sett sér stefnu um samstarf heimilis og leikskóla?
☐	☐	Kemur fram í hverju samstarf heimilis og leikskóla er fólgið?
☐	☐	Eru upplýsingar aðgengilegar fyrir erlenda foreldra?
☐	☐	Eru almennar upplýsingar aðgengilegar fyrir foreldra?
☐	☐	Er gerð grein fyrir því hvernig foreldrar geta náð á leikskólakennara til að ræða við hann um hagi barnsins?
☐	☐	Er gerð grein fyrir foreldrasamtölum?
☐	☐	Er gerð grein fyrir foreldrafélagi leikskólans?
☐	☐	Kemur fram hvert hlutverk foreldrafélagsins er?
☐	☐	Er starfsáætlun foreldrafélagsins birt?

Athugasemdir:



Skólaþróunarsvið - Gátlisti fyrir námskrá leikskóla -

Samstarf við grunnskóla

Kemur fram samstarf við grunnskóla?

Mjög skýrt	skýrt	viðunandi	óljóst	vantar

Já Nei

Kemur fram hvernig samskiptum og samstarfi við grunnskóla er háttað?

Kemur fram í hverju samstarf milli kennara í leik- og grunnskóla felst?

Kemur fram með hvaða hætti upplýsingar fara frá leikskóla til grunnskóla um einstaka börn?

Athugasemdir:



Skólaþróunarsvið - Gátlisti fyrir námskrá leikskóla -

Stjórnun

Eru upplýsingar um stjórnkerfi leikskólans?

Mjög skýrt	skýrt	viðunandi	óljóst	vantar
------------	-------	-----------	--------	--------

Já	Nei	
☐	☐	Er skipurit leikskólans skýrt?
☐	☐	Eru upplýsingar um boðleiðir?
☐	☐	Eru upplýsingar um fundi, tilgang þeirra og markmið?
☐	☐	Eru upplýsingar um verkaskiptingu og ábyrgð?
☐	☐	Kemur starfsmannastefna leikskólans fram?

Athugasemdir:



Skólaþróunarsvið - Gátlisti fyrir námskrá leikskóla -

Öryggismál

Er gerð grein fyrir öryggismálum?

Mjög skýrt	skýrt	viðunandi	óljóst	vantar
------------	-------	-----------	--------	--------

Já	Nei	
☐	☐	Kemur fram með hvaða hætti leikvelli er haldið hreinum / öruggum?
☐	☐	Kemur fram með hvaða hætti öryggis barna á leikvelli er gætt?
☐	☐	Eru skýrar vinnureglur um fyrstu viðbrögð ef slys ber að höndum?
☐	☐	Eru upplýsingar um brunavarnir? Merktar útgönguleiðir, rýmingaráætlun, um staðsetningu slökkvitækja og -búnaðar.
☐	☐	Eru upplýsingar um hvernig bregðast á við áföllum í starfsmanna- og barnahópnum?

Athugasemdir:



Skólaþróunarsvið - Gátlisti fyrir námskrá leikskóla -

Stoðþjónusta

Er gerð grein fyrir stoðþjónustu leikskólans?

Mjög skýrt	skýrt	viðunandi	óljóst	vantar
------------	-------	-----------	--------	--------

Já	Nei	
☐	☐	Hefur skólinn stefnu um hvernig fötluðum börnum er mætt?
☐	☐	Er gerð grein fyrir því hvernig staðið er að aðlögun fatlaðra barna?
☐	☐	Er stoðþjónusta leikskólans lýst?
☐	☐	Kemur fram hvernig tekið er á móti tvítyngdum börnum eða börnum af erlendum uppruna?
☐	☐	Kemur fram hvernig foreldrar geta leitað aðstoðar fyrir börn með sérþarfir?

Athugasemdir:



Skólaþróunarsvið - Gátlisti fyrir námskrá leikskóla -

Hagnýtar upplýsingar

Mjög skýrt	skýrt	viðunandi	óljóst	vantar
------------	-------	-----------	--------	--------

Já	Nei	
☐	☐	Er birtur listi yfir starfsmenn ásamt starfsheitum og netföngum?
☐	☐	Eru upplýsingar gefnar um vinnutíma starfsmanna?
☐	☐	Eru lýsingar gefnar á húsnæði og leikskvæði?
☐	☐	Er fjallað um innritun nýrra barna og aðlögun þeirra?
☐	☐	Er gerð grein fyrir mötuneyti skólans og matartímum barnanna?

Athugasemdir:

Annað

Fylgiskjal 2

Leiðbeinandi hefti við skólanámskrágerð í leikskóla



**Skólaþróunarsvið HA
2005**

Efnisyfirlit

Útskýring	22
Formáli	23
Ytri aðstæður	24
Yfirstjórn leikskólamála	24
Leikskólaráðgjöf	24
Námskrá leikskólans	24
Forsenda leikskólastarfs	24
Stefna leikskólans	24
Námssvið leikskóla	25
Daglegt líf í leikskólanum	25
Samstarf heimilis og leikskóla	25
Stjórnun og stjórnunarhættir	25
Fundir	26
Boðleiðir	26
Samstarf	26
Verkaskipting og ábyrgðarsvið	26
Starfsmannasamtöl	26
Starfsmannastefna	27
Faglegur og rekstrarlegur stuðningur	27
Mat á leikskólastarfi	27
Sjálfsmat	27
Viðmið fyrir sjálfsmat	27
Þróunarstarf	28
Öryggismál	28
Áfallahjálpi	28
Brunavarnir	28
Eftirlit með öryggisþáttum	28
Slys	29
Heimildaskrá	30

Útskýring

Aðalnámskrá leikskóla er stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstörf í leikskólum og á að mynda sveigjanlegan starfsramma. Á grundvelli þess á sérhver leikskóli að gera eigin skólanámskrá. Skólanámskrá á að vera rökstuddur leiðarvísir um fjölbreytilega starfshætti leikskólans, þar sem fram kemur hvernig vinna eigi að því að ná þeim markmiðum sem leikskólinn setur sér.

Aðalnámsskrá leikskóla

- * er fagleg stefnumörkun um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans
- * byggist á barnhverfri hugmyndafræði þar sem þroski barnsins og þarfir eru þungamiðja.
- * er ætlað að samræma uppeldi og menntun barna í leikskólum landsins.
- * er viðmiðun við mat á leikskólastarfi og menntun leikskólakennara.
- * er ætlað að tryggja gæði í leikskóla og jafna uppeldisaðstöðu barna.

Árin 2000 – 2002 vann nefnd á vegum skóladeildar Akureyrarbæjar að því að skapa grunn eða beinagrind að skólanámskrá til að auðvelda leikskólum bæjarins vinnu við skólanámskrá, ég átti sæti í þeirri nefnd ásamt leikskólafulltrúa og þremur leikskólastjórum. Þetta hefti er unnið út úr þeim grunni.

Námskrá getur skipst í þrjá þætti eða hluta:

- Kennslufræðileg námskrá; stefna, hugmyndafræði, sérstaða, markmið og leiðir
- Foreldrahandbók; stefna, sýn, hugmyndafræði í stuttu máli, hagnýtar upplýsingar, dagskipulag, starfs- og stöðuheiti (skipurit), viðtaltímar, aðgengi foreldra að starfsfólki.
- Starfsmannahandbók; verkaskipting, ábyrgð og hlutverk, verklags- og vinnureglur, vinnutímar, stefna, sýn, hugmyndafræði, starfsmannastefna.

Þessu hefti er ætlað að vera leiðbeinandi við gerð skólanámskrá. Hver leikskóli útfærir sína námskrá og aðlagar að sinni hugmyndafræði og aðstæðum. Skólanámskrár geta verið með margskonar hætti og formi og eiga að vera lifandi plagg sem varðar leið leikskólakennaranna í starfi sínu með börnum og foreldrum.

Sigríður Síta Pétursdóttir

Formáli

Í þessum kafla er fyrsta kynning, hér á að vera hægt að sjá allar helstu upplýsingar um leikskólann og hver menntunar-, uppeldis- og barnssýn leikskólans er.

Heimilisfang leikskólans,
símanúmer,
netfang,
heimasíðuslóð,
nafn leikskólastjóra.

Hagnýtar upplýsingar, s.s. fjöldi starfsmanna, ásamt starfsheitum og stöðugildum, viðtalstímar, opnunartími, sumarlokun, lögbundnir frídagar leikskólans og námskeiðs- og skipulagsdagar. Eða vísun á heimasíðu þar sem þessar hagnýtu upplýsingar er að finna.

Stutt kynning á leikskólanum, t.d. staðsetningu og jafnvel nokkur orð um sögu leikskólans, sérstaða hans og sterku hliðar.

Nokkur orð um á hvaða hugmyndafræði starfið er byggt á, sýn leikskólans. Hér gætu komið fram yfirmarkmið eða slagorð /sýn leikskólans.

Ytri aðstæður

Yfirstjórn leikskólamála

Samkvæmt lögum nr. 78/1994 bera sveitarfélög meginábyrgð á rekstri leikskóla.

Í þessum kafla kemur fram hvaða nefnd fer með málefni leikskólans. Stefna sveitar-/bæjarfélagsins í leikskólamálum á hér heima. Hér kemur fram hver fer með yfirstjórn málaflokksins, þ.e. hver er næsti yfirmaður leikskólastjóra, hver skiptingin er t.d. innritun, innheimta leikskólagjalda, viðhald húss og lóðar. Hér koma fram hagnýtar ytri upplýsingar til að átta sig á stöðu leikskólans í samfélaginu.

Leikskólaráðgjöf

Í þessum kafla kemur fram hvaða stoðþjónustu leikskólinn nýtur. Það sem snýr að leikskólanum sem stofnun, að einstökum kennurum, foreldrum og börnum. Hér koma fram upplýsingar um hvert foreldrar leikskólabarna geta leitað með mál tengd börnum sínum og leikskóladvöl þeirra. Upplýsingar um hvar er að finna ráðgjöf vegna einstakra barna. Einnig aðgengi kennara og stjórnenda að ráðgjöf og stuðningi.

Námskrá leikskólans

Forsenda leikskólastarfs

Í leikskóla á að leggja áherslu á skapandi starf og leik barnsins. Ekki er um beina kennslu að ræða sem stefnir að ákveðinni fræðilegri þekkingu. Leikskólafræði eru fremur þroskamiðuð en fagmiðuð, með áherslu á leik barna sem náms- og þroskaleið og uppgötvunarnám.¹

Í leikskóla ber að hlúa að öllum þroskaþáttum, efla þá og örva samspil þeirra. Lífsleikni og námsgengi barnsins byggist á jafnvægi milli allra þroskaþátta.

Stefna leikskólans

Hver leikskóli þarf að setja sér markmið með starfinu og sýna fram á hvaða leiðir hann ætlar að fara til að ná markmiðum sínum.

Í þessum kafla kemur fram hver stefna leikskólans er og á hvaða hugmyndafræði starfið byggir. Kynning á hugmyndasmiðum, fræðingum og kenningum þeirra sem sótt er til. Hugmyndafræði leikskólans byggist meðal annars á lífsviðhorfi, gildismati, þekkingu og reynslu starfsmanna hans, ásamt kenningum sem settar hafa verið fram af fræðimönnum og rannsóknum sem gerðar hafa verið á leikskólastarfi.

Leikskólakennarar leikskólans ræða og ígrunda hugmyndafræði og kenningar og móta þannig þann grunn sem starfið byggir á.

¹ Aðalnámskrá, 1999:8

Námssvið leikskóla

Námssvið leikskóla eru áherslupættir í leikskólauppeldi. Þau eru hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag. Námssviðin skarast og eru samofin undirstöðupáttum leikskólastarfsins: leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikni.²

Umræður þurfa að fara fram innan leikskólakennarahópsins um markmið og leiðir leikskólans og áherslur; Hvað – Hvernig – Hvers vegna – Hversu mikið – Hversu oft og svo framvegis.

Leikskólanum ber að skapa öllum börnum tækifæri til að þroska hæfileika sína með því að bjóða upp á fjölbreyttar leiðir og efnivið auk þess að kenna þeim lýðræðisleg vinnubrögð.

Daglegt líf í leikskólanum

„Daglegt líf í leikskóla markast af föstum athöfnum sem lúta að líkamlegum þörfum barna og heilsu þeirra“³. Daglegt starf leikskólans, eru þær leiðir sem farnar eru til að ná markmiðum leikskólans, því er mikilvægt að samræmi sé milli leiða og markmiða. Námssvið leikskólans og daglegt líf skarast og tvinnast saman, það getur ekki orðið annað hvort eða. Á ákveðnum tímum matast börn, þvo sér, hvíla sig og sofa. Dagskipulag á að sníða að þörfum barna, þroska þeirra, aldri, samsetningu barnahóps, dvalartíma og öðrum ytri skilyrðum. Skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum atburðum gefa leikskólastarfinu festu og tryggja hæfilegan og samfelldan tíma til leikja og skapandi starfs.

Í leikskóla skal rækta alhliða þroska barnsins, hlúa að öllum þroskápáttum, efla þá og örva samspil þeirra. Lífsleikni og námsgengi barnsins byggist á jafnvægi milli allra þroskápáttanna.⁴

Þættir sem þarf að taka tillit til eru leikurinn, leikskilyrði, efniviður, hlutverk leikskólakennarans og aðgengi barna að efnivið og búnaði. Hvernig og með hvaða hætti tekið er á móti börnum og þau kvödd. Nám barnsins fer ekki einungis fram í skipulögðum fyrir fram ákveðnum tímum, nám á sér ekki síður stað í fataherbergi, í útiveru, á matartímum, í hvíld og við daglega umönnun.

Samstarf heimilis og leikskóla

Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna en leikskólanum ber að veita foreldrum stuðning í uppeldi barna. Mikilvægt er að náð samstarf og gagnkvæmt traust skapist milli heimilis og leikskóla. Foreldrar þekkja barn sitt best, þeir hafa þekkt það frá fæðingu og fylgjast með þroskaferli þess og líðan. Leikskólakennari kynnist barni í leikskólastarfi og þekkir þroska þess, færni og viðbrögð í barnahópi.⁵

Mikilvægt er að móta stefnu og sýn með foreldrasamstarfi/-þátttöku, leikskólinn þarf að setja sér markmið með samstarfinu í samstarfi við foreldra og skilgreina hvað felst í samstarfinu.

Stjórnun og stjórnunarhættir

Pegar skólanámskráin er öllu starfsfólki ljós, [...] þarf leikskólastjórinn ekki stöðugt að hafa áhyggjur af stefnumiðunum og hvort starfsmannahópurinn fylki sér um þau í

² Aðalnámskrá, 1999:19

³ Aðalnámskrá, 1999:17

⁴ Aðalnámskrá, 1999:8

⁵ Aðalnámskrá, 1999:30

samtíga göngu. Hann getur á hinn bóginn létt á göngunni með því að ryðja hindrunum úr vegi, útvegað efnivið, hvatt til dáða og unnið að nauðsynlegum stjórnunarverkefnum. Hann getur notið þess að skynja samhuginn á leiðinni, samfagnað þegar ferðalaginu lýkur og sagt til um næsta áfangastað. Gangan sér um sig sjálf⁶

Leikskólastjórinn gegnir lykilhlutverki í þróun leikskólastarfsins, hann skapar aðstæður sem stuðla að því að auka hæfni leikskólakennara og betri leikskólamenntun barna. Við árangursríka leikskólaþróun er brýnt að leikskólastjóri leggi áherslu á umræður um innihald skólanámskrárinnar, sérstakar áherslur í leikskólastarfinu og starfsaðferðir. Í umræðum starfsfólks birtast viðhorf og lífsskoðanir hvers og eins.

Leikskólastjórinn þarf að gera sér grein fyrir hvað það er sem hann telur mikilvægt, hvernig hann vill að samskiptum sé háttað og hver hans stjórnunarstíll er.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á að mótuð sé heildarstefna í uppeldis- og menntamálum leikskólans, hann sér til þess að áætlanir séu gerðar og að það fari fram reglulegt mat á starfi leikskólans.

Fundir

Leikskólastjóri ber ábyrgð á að starfsmannafundir séu haldnir og stjórnar þeim, hann skapar einnig aðstæður fyrir aðra fundi, s.s. deildarfundir. Mikilvægt er að búa til ramma utan um fundi sem skipta máli fyrir faglegt starf leikskóla svo þeir verði markvissir og skili árangri. Alla fundi ber að skrá.

Boðleiðir

Leikskólastjóri sér til þess að starfsmenn geti kynnt sér nýjungar í starfi og miðlað þekkingu sinni og upplýsingum til annarra starfsmanna. Leikskólastjóri ber að sjá til þess að boðleiðir séu skýrar innan leikskólans, í allar áttir.

Samstarf

Leikskólastjóri skapar aðstæður þannig að samstarf milli deilda og við foreldra geti verið með sem eðlilegustum hætti. Leikskólastjóri stuðlar að samstarfi við viðkomandi grunnskóla þannig að það skapist góð tengsl milli skólastiga og samfella myndist í námi barnsins.

Verkaskipting og ábyrgðarsvið

Leikskólastjóri stjórnar daglegri starfsemi leikskólans, hann ber rekstrarlega sem faglega ábyrgð á starfi leikskólans. Starfsmannahópur sem vinnur samhent starf til árangurs þarf að koma sér saman um verkaskiptingu innan leikskólans og skilgreina hlutverk hvers og eins. Með því að virkja aðra stjórnendur innan leikskólans til þátttöku og ábyrgðar í rekstrarlegum umræðum og ákvörðunum er auðveldara að gæta hagræðis í rekstri án þess að það rýri gæði starfsins.

Starfsmannasamtöl

Í þessum kafla kemur fram með hvaða hætti starfsmannasamtölu eru, þar sem ræddar eru kröfur og væntingar af beggja hálfu.

⁶ Sergiovanni, Leikskólastefna FÍL, 2000:30

Starfsmannastefna

Hver leikskóli skapar sína eigin starfsmannastefnu með reglum og hefðum.

Faglegur og rekstrarlegur stuðningur

Í þessum kafla kemur fram eftir hvaða vinnureglum farið er þegar óska þarf eftir eða leita til sérfræðings, hvort heldur er um að ræða einstök börn eða allan leikskólann.

Mat á leikskólastarfi

Í reglugerð um starfssemi leikskóla segir að sérhver leikskóli skuli móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti bæði innan leikskólans og utan. Mat skal gert með hliðsjón af lögum, reglugerð og aðalnámskrá leikskóla. Sérstaklega skal gera grein fyrir framkvæmd og niðurstöðum matsins⁷.

Mat á leikskólastarfi er liður í þróun og vexti skólans og tengist markmiðum hans og áætlunum.

Í þessum kafla kemur fram mats- og endurmenntunaráætlun leikskólans og með hvaða hætti niðurstöður verða kynntar og notaðar til þróunar starfsins.

Sjálfsmat

Sjálfsmat leggur faglegan grundvöll að endur- og umbótum í leikskólastarfinu og er leið til að vinna kerfisbundið að því að auka gæði leikskólastarfsins og gera það skilvirkara. Í sjálfsmati skal taka mið af markmiðum og stefnu leikskólans og lýsingu á leiðum til að ná þeim. Sjálfsmatið gerir kennurum og öðru starfsfólki auðveldara að vinna að markmiðum leikskólans.

Viðmið fyrir sjálfsmat

Matið þarf að vera:

- ★ Formlegt
- ★ Altækt
- ★ Áreiðanlegt
- ★ Samstarfsmiðað
- ★ Umbótamiðað
- ★ Stofnana- og einstaklingsmiðað
- ★ Greinandi
- ★ Lýsandi
- ★ Opinbert

Hægt er að setja matið í þrjá höfuðflokka:

- ★ Mat á leikskóla sem stofnun
- ★ Mat á uppeldisstarfi
- ★ Mat á einstaklingum og barnahópum⁸

Við innra mat á leikskólastarfi skulu eftirfarandi atriði athuguð:

Börn	Skólanámskrárgerð
------	-------------------

⁷ Aðalnámskrá, 1999:39

⁸ Sjá nánar í Aðalnámskrá leikskóla, 1999:39-44

Starfsfólk	Stjórnunarhættir
Samskipti	Samskipti og tengsl utan leikskólans
Líðan	Samstarfsverkefni og þróunarstarf
Leikur	Húsnæði, útileiksvæði og búnaður
Námssvið leikskóla	Samstarf heimilis og leikskóla

Ekki er nauðsynlegt að skoða alla þætti í einu í hvert sinni. Gæta skal að því að nota fjölbreyttar aðferðir við sjálfsmatið svo það gefi sem breiðasta sýn á starfið í heild jafnt og einstaka þætti þess.

Sjálfsmat þarf að vera sívirkt allt árið. Með reglulegum skráningum í starfinu með hverju barni, safnast saman mikilvægar upplýsingar um hvert barn. Auk þess að gefa upplýsingar um framför hvers og eins, segja skráningar meðal annars til um hvort leikskólakennarinn sé að ná markmiðum sínum.

Þróunarstarf

Markmið þróunarstarfs er að leita leiða sem miða að endurbótum og nýbreytni í leikskólastarfi. Þróunarverkefni felur í sér afmarkað og tímabundið viðfangsefni með vel skilgreindum markmiðum. Þegar hugað er að þróunarstarfi er nauðsynlegt að setja niður fyrir sér þann starfsgrundvöll sem aðhyllt er.

Þróunarstarf hefur m.a. verið skilgreint á eftirfarandi hátt:

Uppeldislegt þróunarstarf: Samheiti yfir nýbreytnistarf sem felur m.a. í sér allt frá því að reyna nýjar aðferðir og leikefni til framkvæmda kerfisbundinna áætlana.⁹

Í þessum kafla kemur fram þróunaráætlun leikskólans. Einnig listi yfir þau þróunarverkefni sem leikskólinn hefur verið þátttakandi í.

Öryggismál

Foreldra eiga að geta treyst því að öryggi barns sé tryggt af fremsta megni á meðan á dvöl þess stendur. Stefna leikskólans í öryggismálum á að vera foreldrum sýnileg.

Mikilvægt er að vinnureglur séu skýrar og hlutverk allra klárt, einnig að reglulega sé farið yfir, rífað upp og hnekt á þáttum sem geta skipt sköpum við erfiðar aðstæður þegar bregðast þarf hratt við.

Áfallahjálp

Hér er tekið fram með hvaða hætt er brugðist við ef barn eða starfsmaður verður fyrir andlegu og/eða líkamlegu áfalli.

Brunavarnir

Mikilvægt er að leikskólinn hafi rýmingaráætlun sem allir þekkja og taka þátt í að móta. Stefna þarf að góðu samstarfi við eldvarnaeftirlit og slökkvilið um brunavarnir og viðbrögð við bruna. Teikning með merktum útgönguleiðum og staðsetningu slökkvitækja á að vera fylgirit skólanámskrár. Mikilvægt er að allir þekki hlutverk sitt ef rýma þarf leikskólann, því er nauðsynlegt að æfa reglulega rýmingaráætlun og notkun slökkvibúnaðar.

Eftirlit með öryggisþáttum

Allan búnað, húsnæði og lóðar á að skoða reglulega og gera úrbætur eftir þörfum.

⁹ Petterson 1991:31 einnig Þróunarstarf, 1992:5

Koma þarf fram hvernig staðið er að skoðun lóðar með öryggi barnanna í fyrirrúmi, hvernig hlutverkum er skipt meðal kennara varðandi einstaka þætti er varða öryggi barna og kennara leikskólans.

Slys

Fyrstu viðbrögð við slysum byggja á þekkingu, þjálfun og reynslu starfsmanna. Hér kemur fram hvernig brugðist er við og í hvaða ferli mál sem upp kunna að koma fara, t.d. skráningar, hringingar í foreldra og samstarf við heilsugæslu.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla, 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Leikskólastefna Félags íslenskra leikskólakennara, 2000. Reykjavík, Félag íslenskra leikskólakennara.

Pettersen Reidar J., 1991, Fornýelse í barnehagen. Innförfning í pedagogisk utviklingsarbeid. Oslo, Universitetsforlaget A.S.

Þróunarstarf, 1992. Nemendur Framhaldsdeilda FÍ, veturinn 1991-92. Reykjavík, Fósturskóli Íslands.

Ávallt skal geta allra þeirra heimilda sem sótt er í, skólanámskrá sem byggir á fræðum og rannsóknum er faglega sterk.

Fylgiskjal 3

Fylgiskjal 4

Fylgiskjal 5